



Stjórnarfundur Grænu orkunnar 18.4.2023

Fundurinn fer fram í Ármúla 6, klukkan **9:00-10:00**. Viðstödd voru Ágústa Loftsdóttir, Gunnar Valur Sveinsson, Helga Barðadóttir, Íris Hannah Atladóttir María Jóna Magnúsdóttir, og Sigurður Ástgeirsson. Anna Margrét Kornelíusdóttir ritaði fundinn.

Dagskrá:

1. Kynning Gyðu Mjallar Ingólfssdóttur á vinnu IRN að vegvísi að vistvænum samgöngum til 2030
Markmið vinnunnar er að til verði vegvísir að vistvænum samgöngum ásamt tímasettum aðgerðum til að ná 55% samdrætti m.v. 2005. Vegvísirinn nær til eftirfarandi flokka: vegasamgöngur, sjóferðir, flugsamgöngur, vélar og tæki, samgöngumannvirki, breyttar ferðavenjur, orkumál (raforka og eldsneyti)
Grænbók er nú [til umsagnar í Samráðsgátt stjórnvalda](#) en hún felur í sér stöðutöku og næsta skref er gerð hvítbókar með stefnu um aðgerðaáætlun. Nú þarf að fara fram samtali við alla hagaðila.
2. Málefnavinna og samskipti við hagaðila
 - a. [Orkusjóður](#) kall með umsóknarfrest til 19. apríl nk.
Þessi liður var ekki tekinn fyrir en rætt um næstu auglýsingu OS sem verður mun ná til orkuskipta þungaflutninga. Ekki ljóst með hvaða hætti styrkirnir verða en ýmsir möguleikar ræddir, svo sem að tengja styrk við árangur í samdrætti losunar, akstur ökutækis yfir ákveðið tímabil (lágmarks akstur og 100% styrkur ef akstur yfir ákveðna tölu) og loks má nefna endurnýjunarstyrk. Afhending á rafmagnstrúkkum er í bið vegna þessa.
2. Viðburðir 2023
 - a. Aðalfundur 25. maí 2023 – erindi frá Oslobus?
JBS fór yfir ársreikning 2022 en skoðunarmenn eiga eftir að samþykkja hann og yfirfara bókhald fyrir árið. Ákveðið að MJM verði aðalfyrirlesari á aðalfundi og fjalli um vinnu verkefnahóps um samgöngur og að uppfærðum loftslagsvegvísi atvinnulífsins. Síðan farið í umræður og opnað fyrir tillögur frá fundargestum.
 - b. Örfyrirlestrar aðila Grænu orkunnar í samstarfi við Orkusjóð (haust 2023)
Orkusjóður hefur staðfest áhuga á samstarfi um þennan viðburð í haust. AMK mun fylgja þessu eftir í samráði við Ragnar hjá OS.

3. Önnur mál

Ívilnanir. Mikil ánægja með það að ívilnanir skuli vera færðar frá tekjuhlið á útgjaldahlið, þ.e. yfir í Orkusjóð.

Um áramót verður forsendurbrestur á útleigu rafbíla þegar vsk leggst á. Bílaleigur munu þurfa að taka 20% af söluverðinu og greiða til hins opinbera – unnið er að því að finna lausn á þessu hjá FJR.

Uppfærsla á vefsíðu GO. Skynsamlegra að setja fjármagn í að búa til efni og kaupa auglýsingar á samfélagsmiðlum heldur en að uppfæra vefsíðuna. Einnig rætt um að bjóða oftari upp á opna stjórnarfundum.